

Nd.

184. Frumvarp til laga

[130. mál]

um breyting á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Matthías Bjarnason, Sverrir Júlíusson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 17. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, bætist ný mgr., sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða eigendum fiskibáta með þilfari, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, hluta af fæðiskostnaði sjómanna þeirra báta: 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Skilyrði fyrir greiðslu þessari er, að eigendur viðkomandi báta fullnægi reglum áhafnadeildar aflatryggingasjóðs, sem deildin setur fyrir greiðslu hluta fæðiskostnaðar á þessari bátastærð, áhafnir bátanna hafi fulla atvinnu af þessum störfum eigi skemmri tíma en sex mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggji áhafnir sínar sömu slysatryggingum og samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

2. gr.

18. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, orðist svo:

Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en einum mánuði eftir lok hvers kauptryggingartímabils, eins og þau eru ákveðin í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

3. gr.

Á eftir 1. málslíð 19. gr. laga nr. 77/1962, eins og hún er ákveðin í 3. gr. laga nr. 74/1969, komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Á bátum, sem eigi hafa lögskráningarskyldu, skal trúnaðarmaður Fiskifélags Íslands staðfesta úthaldsdagafjölda og áhafnarstærð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Greinargerð.

Í samningum þeim, sem gerðir voru í febrúar s. l. milli sjómanna (undirmanna) á bátafлотanum og útvegsmanna, og í miðlunartillögum, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu yfirmanna á bátafлотanum og útvegsmanna 12. febrúar 1969 og lögfestar voru 18. febrúar 1969, fólst, að aflatryggingasjóður greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna.

Til þess að standa straum af þessum kostnaði hét ríkisstjórnin að hlutast til um, að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða þeirra, sem eru útflutningsgjaldskyldar.

Þetta gjald var lögfest 16. maí 1969 og er greitt til áhafnadeildar aflatryggingasjóðs með 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum).

Í raun og veru greiða allir framleiðendur fiskafurða þetta gjald, en útvegsmenn báta, sem ekki hafa lögskráningarskyldu, þ. e. bátar undir 12 rúmlestum, fá ekkert greitt af fæðiskostnaði áhafna sinna.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja þetta ranglátt og leggja því til með þessu frumvarpi, að hluti fæðispeninga verði greiddur á bátum undir 12 rúmlestum með tilteknum skilyrðum og skyldum á útvegsmenn af þessari stærð báta til samræmis við skyldur þær, sem þegar hafa verið lagðar á útvegsmenn lögskráningarskyldra báta, og verður nánar vikið að því í framsögu fyrir frumvarpinu.